

Söngdagskrá Ísaksskóla 2022-2023

22. - 26. ágúst

Það er leikur að læra

Hæ við hoppum

Smaladrengrinn

Skólasöngur

29. ágúst - 2. september

Það er leikur að læra

Hæ, við hoppum

Smaladrengrinn

Skólasöngur

Vinátta

5. - 9. september

Það er leikur að læra

Hæ, við hoppum

Smaladrengrinn

Skólasöngur

Vináttan

Haustvísa

Það er leikur að læra

Þýskt lag

Ljóð: Guðjón Guðjónsson

Það er leikur að læra,
leikur sá er mér kær,
að vita meira og meira,
meira í dag en í gær.

Bjallan hringir, við höldum
heim úr skólanum glöð,
prúð og frjálst í fasi
fram nú, allir í röð.

Hæ, við hoppum

Lag: Weyse

Ljóð: Ísak Jónsson / Steingrímur Thorsteinsson

Hæ, við hoppum,
hó, við skoppum,
hendumst skólann í.
Læra' að lesa' og reikna,
leika, skrifa' og teikna.
;.: Það er gagn að því. ;.:

Nú er sumar,
gleðjist gumar,
gaman er í dag:
brosir veröld víða,
veðurlagsins blíða
;.: eykur yndishag. ;.:

Smaladrengrinn

Lag: Skúli Halldórsson

Ljóð: Steingrímur Thorsteinsson

Út um græna grundu
gakktu, hjörðin mín;
yndi vorsins undu,
eg skal gæta þín.

Sól og vor ég syng um,
snerti gleðistreng;
leikið, lömb, í kringum
lítinn smaladrengrinn.

Skólasöngur

Lag og ljóð: Björk Sigurðardóttir

Samið í tilefni af 90 ára afmæli Ísaksskóla árið 2016

Með fjör í augum, framtíð bjarta,
fyrir en varir byrja
lítil börn með lungu' og hjarta'
að leika sér og spyrja.
Í skóla fá þau svör og starf,
söng og gleði skarta,
visku, dyggð og von í arf,
í veganesti' að narta.

„Lífið er eins og lækur sprækur,
lesum fleiri' og fleiri bækur.
Lífið er eins og lækur sprækur,
lesum fleiri bækur.“

Börninn ná í boltann sinn,
bjallan var' að hringja,
úr frímínútum flykkjast inn
og fara svo að syngja.
Þau langar til að líða vel,
lesa, skrifa' og reikna,
fá vinskapi, hlýju' og vinaþel,
í vinnubækur teikna.

*„Lífið er eins og lækur sprækur,
lesum fleiri' og fleiri bækur.
Lífið er eins og lækur sprækur,
lesum fleiri bækur.*

Já, lífið er eins og ...“

Vem kan segla / Vinátta

Þjóðlag frá Álandseyjum
Sænsk þjóðvísa
Ljóð: Hjálmar Torfason

Vem kan segla förutan vind?
Vem kan ro utan áror?
Vem kan skiljas frá vännerin sin
utan att fälla tårar?

Jag kan segla förutan vind.
Jag kan ro utan åror.
Men ej skiljas från vännerin min
utan att fälla tårar.

Gulli og perlum að safna sér
sumir endalaust reyna.
Vita ekki að vináttan er
verðmætust eðalsteina.

Gull á ég ekki að gefa þér
og gimsteina ekki neina.
En viltu muna að vináttan er
verðmætust eðalsteina.

Haustvísa

Belgískt lag
Ljóð: Herdís Egilsdóttir þýddi úr sænsku

Hvert er horfið laufið sem var grænt í gær?
Þótt ég um það spyrji verð ég engu nær.
Blöðin grænu hafa visnað, orðin gul og rauð.
Ef ég horfi miklu lengur verður hrísln auð.